

SAMÞYKKT

66

29. marz

um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Í Vestur Skaftafellssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Hörgslandshreppi:

1. Brunasandsvegur af þjóðveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.
2. Mörtunguvegur af þjóðveginum í Prestbakkavelli um Prestbakka að Mörtungu.

Í Kirkjubæjarhreppi:

3. Holtsvegur af þjóðveginum austan Dalbæjarstapa yfir vestri brúna á Skaftá um Holt vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.

Í Leiðvallahreppi:

4. Koteyjarvegur af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Rofabæ.
5. Botnavegur af þjóðveginum austan Ásakvísla að Botnum.

Í Skaftártunguhreppi:

6. Ljótárstaðavegur af Búlandsvegi um Gröf, Borgarfell, Snæbýli að Ljótárstöðum.

Í Álftavershreppi:

7. Mýrnavegur af þjóðveginum hjá Norðurhjáleigu um Jórvið að Mýrum.
8. Mýrdalssandsvegur syðri leiðin yfir Mýrdalssand.

Í Hvammshreppi:

9. Víkurvegur gegnum kaupúnið í Vík og heim að sýslumannsbústaðnum.
10. Rofamýrarvegur af þjóðveginum norðan Reynisfjalls um Rofamýri í Heiðardal.

Í Dyrhólahreppi:

11. Hvolfsvegur af þjóðveginum hjá Litla-Hvammi að Hvoli.
12. Péturseyjarvegur með byggðinni sunnan Péturseyjar.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, er greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í þorpum. Hreppsfélaginu er heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, enda sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundi og tilkynning komi þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefnd ákveður fyrir eitt ár í senn upphæð skattsins. Má hann ekki vera lægri en 2‰ og ekki hærri en 12‰ af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minna af húsverði. Með gjöldum til vegabóta má telja vexti og afborganir af lánum, sem tekin eru til sýsluvega.

66

29. marz

4. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs og skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar; gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Sýslufundur semur áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningi, ásamt áætlun skal oddviti senda vegamálastjóra, að afstöðnum sýslufundi.

5. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði fær sýsluvegasjóður eftir því, sem ákveðið er í gildandi lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. marz 1950.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

67

31. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð kvenna í gamla Háls- hreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1950. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð kvenna í gamla Hálshreppi

(þ. e. núverandi Háls- og Flateyjarhreppur).

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Menningarsjóður kvenna í gamla Hálshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 25000.00, sem er framlag velvildarmanna hreppsins, og gefnar eru af hvaða tilefni sem gefendum finnst viðeigandi, svo sem minningargjöfum, áheitum og hvers kyns öðrum framlögum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávallt ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — má verja helmingi ársvaxtanna til að styrkja efnilegar stúlkur í gamla Hálshreppi, er nám stunda: